

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um að Reykjavíkurborg verði barnvænt sveitarfélag

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg hefji vinnu við að verða þátttakandi í verkefninu barnvænt sveitarfélag. Borgarstjórn felur borgarráði að kynna verkefnið innan Reykjavíkurborgar og fyrir Reykjavíkurráði ungmenna eins og reglur um barnvænt sveitarfélag kveða á um. Að því loknu verði tillaga um formlega innleiðingu á barnvænu sveitarfélagi lögð fyrir borgarstjórn.

Greinargerð

Markmið tillögunnar er að Reykjavíkurborg skuldbindi sig til að vinna markvisst að því að verða barnvænt sveitarfélag með formlegum hætti, í samvinnu við UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytið. Fyrsta skrefið í þá átt er staðfesting borgarstjórnar á því að hefja þá vegferð að verða barnvænt sveitarfélag. Það krefst þess að þverpólitískt samþykki sé til staðar. Að því loknu þarf að kynna verkefnið fyrir stjórnslu og starfsfólki Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurráði ungmenna, tryggja aðkomu barna og ungmenna að vinnunni og móta tillögu um formlega innleiðingu á verkefninu barnvænt sveitarfélagi sem lögð verður fyrir borgarstjórn til samþykktar. Mikilvægt er að tillaga um innleiðingu á verkefninu sé lögð fram í þverpólitískri sátt að loknum kynningum á verkefninu til þess að skapa samstöðu innan borgarinnar og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

Barnvæn sveitarfélög byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative, sem snýr að því að innleiða Barnasáttmálann með markvissum hætti inn í alla stjórnslu og starfsemi sveitarfélaga. Með ákvörðun um þátttöku skuldbindur borgin sig til þess að gera sáttmálann að rauðum þræði í allri sinni starfsemi og stefnumótun. Verkefnið hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga um allan heim frá árinu 1996 en það byrjaði hér á landi árið 2016. Síðan þá hafa 23 sveitarfélög hérlandis ákveðið að taka þátt í verkefninu. Verkefnið hefur oft verið til umræðu innan stjórnslu borgarinnar og svið borgarinnar almennt tekið jákvætt í verkefnið. Formleg ákvörðun um aðild að verkefninu hefur þó ekki verið tekin.

Reykjavík er stærsta sveitarfélag landsins og ber ríka ábyrgð á farsæld barna og að réttindum barna sé fylgt í allri stjórnslu borgarinnar. Með því að taka þátt í verkefninu sýnir borgin skýran vilja til að setja börnin í borginni í forgang og uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt Barnasáttmálanum. Reykjavíkurborg á að hafa metnað til þess að vera leiðandi á meðal borga á heimsvísu þegar kemur að innleiðingu á barnasáttmálanum og þar með réttindum barna.